

4. gr. orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

A. Fastagjald kr. 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B. Vatnsgjald kr. 765.00 á mánuði fyrir hvern mínutulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig;

Flutningsgjald kr. 225.00.

Heitt vatn kr. 510.00.

6. gr. orðist þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellshrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð, kr. 178 000.00.

Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð, áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þá gildandi gjaldskrá.

7. gr. breytist þannig:

Í stað „1455 stig“ komi „1986 stig“.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Mosfellshrepps staðfestist hér með skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486 11. nóvember 1975 um álagningu gatnagerðargjalda við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi málsgrein:

Heimilt er bæjarstjórn að veita afslátt eða fella niður að hluta gjöld af umframstærðum fasteigna þegar sérstakar aðstæður koma til að mati bæjarstjórnar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. apríl 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.